

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Akraness Apóteks.**

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Akraness Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga	kl. 9—18.30
Laugardaga	— 10—13
Sunnudaga og aðra helgidaga	— 13—14

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.****1. gr.**

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 9% frá 1. ágúst 1976 frá því sem þær voru 1. júlí 1976. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) samkvæmt 19. gr. skal hækka um 18% frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.